# 476 Guð, allur heimur




5. Þá eldur skær með björtum loga brennur
hann birtir skýrt að heit þín gæskan er
og svalalind er sífellt áfram rennur,
hún sýnir að þín miskunn aldrei þver.

6. Þá heyri' eg glaða himinfugla syngja,
þeir hrósa þinni dýrð sem öllum skín
og andvörp þau er einatt hjörtun þyngja
þó upp um síðir leita, Guð, til þín.

7. Ó, veit mér, Guð, þín verk ég skoða megi,
þau veri jafnan hjartans unun mín.
Og þótt þín hátign holdið stundum beygi
mitt hjarta reisir aftur náðin þín.

**T** Valdimar Briem – Sb. 1886
**L** Andreas P. Berggreen 1856 – PG 1878
**R** Andreas P. Berggreen